



(

(

(

(

(

(

(

(

(

(

(

(

(

(

(

(

(

(

(

(

(

(

(

(

(

(

(

(

STJÓRN KKÍ

Á 37. árspingi KKÍ voru eftirtaldir einstaklingar kosnir í stjórn KKÍ fyrir starfsárið 1997-1998.

Formaður til tveggja ára: Ólafur Rafnsson

Stjórnamenn til tveggja ára: Gísli Friðjónsson
Haukur Hauksson
Erla Sveinsdóttir

Stjórnarmaður til eins árs: Helgi Bragason

Í varastjórn til eins árs: Magnús Svavarsson
Guðjón Þorsteinsson
Jóhannes Sveinsson

Eftirtaldir stjórnamenn áttu eftir eitt ár af kjörtímabili sínu:

Ólafur Rafnsson
Ólafur Þór Jóhannesson
Sólrún Anna Rafnsdóttir

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Formaður:	Ólafur Rafnsson
Varaformaður:	Ólafur Jóhannesson
Ritari:	Erla Sveinsdóttir
Gjaldkeri:	Gísli Friðjónsson
Meðstjórnandi:	Helgi Bragason
Meðstjórnandi:	Haukur Hauksson
Meðstjórnandi:	Sólrún Anna Rafnsdóttir

NEFNDIR, DÓMSTÓLL ENDURSKOÐENDUR OG STARFSMENN KKÍ.

Mótanefnd: Ríkharður Hrafinkelsson
Ægir Ágústsson
Hannes Jónsson

Dómaranefnd: Kristinn Albertsson
Helgi Bragason
Einar Einarsson

Kvennalandsliðsnefnd: Erla Sveinsdóttir
Elínborg Guðnadóttir
Magnús Svavarsson
Björg Hafsteinsdóttir

Karlalandsliðsnefnd: Gísli Friðjónsson
Hjörður Hansson
Pétur Hrafn Sigurðsson

Unglingalandsliðsnefnd: Eyjólfur Guðlaugsson
Halldór Þorsteinsson
Ingólfur Jónsson
Sæmundur Jóhannesson
Sigurður Hjörleifsson

Dómstóll KKÍ: Gísli Gíslason
Helgi Ingólfur Jónsson
Águst Jóhannesson

Til vara: Árni Guðmundsson
Halldór Halldórsson
Gunnar Þorvarðarson

Aganefnd KKÍ: Jón Eysteinsson
Ágúst Jóhannesson
Hrafn G. Johnsen

Til vara Haukur Hannesson
Ingimar Ingason
Gunnar Aðalsteinsson

Endurskoðendur: Guðrún Ólafsdóttir
Ottó Haflidason

Framkvæmdastjóri: Pétur Hrafn Sigurðsson
Starfsmaður: Björn Leósson

Upplýsingar um störf nefnda koma fram í skýrslum þeirra.

SKÝRSLA STJÓRNAR

Fljótlega eftir að síðasta ársþingi lauk kom stjórn sambandsins saman og skipti með sér verkum. Stjórnin hélt 15 bókaða fundi auk annarra óformlegra funda.

TILNEFNING Á KÖRFUKNATTLEIKSMANNI ÁRSINS.

Samkvæmt beiðni frá ÍSÍ tilnefna öll sérsambönd innan ÍSÍ Íþróttamann ársins í sinni grein. Að þessu sinni var Guðjón Skúlason úr Keflavík valinn.

HRINGFERÐ UM LANDIÐ

KKÍ stóð fyrir hringferð um landið s.l. sumar eins og undanfarin ár. Torfi Magnússon sá um skipulagningu og stjórn á ferðinni sem farin var í samvinnu við Samband Sparisjóða og Bylgjuna. Megináherslan var lögð á 3 á 3 móti og þátttöku barna og unglings í þeim. Ferðin tókst þokkalega, sumsstaðar var þátttaka góð en á öðrum stöðum mjög dræm.

FORMANNAFUNDIR

Tveir formannafundir voru haldnir á keppnistímabilinu eins og undanfarin ár.

SAMNINGAR VIÐ SJÓNVARPSSTÖÐVAR

Samningur við Stöð 2 er í gildi um sjónvarpsútsendingar og stefnt er að samningum við RÚV um útsendingar frá leikjum í körfubolta.

SAMNINGUR VIÐ DHL

Samningur er í gildi við DHL og var að ljúka fyrsta árinu af þremur. Samstarfið hefur gengið mjög vel og er mikil ánægja hjá stjórn KKÍ með að DHL skuli hafa ákveðið að ganga til þriggja ára samstarfs.

SAMNINGUR VIÐ FLUGLEIÐIR

Samningurinn er til þriggja ára og gekk fyrsta árið mjög vel.

SAMNINGUR VIÐ HAGVAGNA

Samningur við Hagvagna er enn í gildi en því miður verður að segja eins og er að KKÍ hefur ekki náð að nýta sér nægilega vel þá tekjumöguleika sem samningurinn býður upp á. KKÍ hefur fengið fyrirtæki sem sérhæfð eru í auglýsingasöfnun til að selja auglýsingar á vagnana með slökum árangri. Félögin hafa ekki sýnt þessu áhuga utan eitt. Mikilvægt er að finna aðila sem getur selt þessar auglýsingar.

SAMNINGUR VIÐ B&L

Samningur við B&L um Bikarkeppni karla og kvenna var gerður til þriggja ára og heitir keppnini bikarkeppni KKÍ og Renault. Samningurinn er KKÍ hagstæður og gekk samstarfið mjög vel í vetur.

SAMNINGUR VIÐ AUSTURBAKKA

Þriggja ára samningur við Austurbakka rann út á s.l. keppnistímabili. Ekki tókst að endurnýja hann, heldur var ákveðið að semja til eins árs. Sá samningur rennur út nú í sumar. Vonir standa til þess að ná samningum við Austurbakka til lengri tíma.

SAMNINGUR VIÐ SJÓVÁ – ALMENNAR

Sjóvá – Almennar hafa verið einn af stuðningsaðilum KKÍ og séð um tryggingar á öllum landsliðum KKÍ þegar þau fara erlendis.

SAMNINGUR VIÐ SAMBAND SPARISJÓÐA

KKÍ er með þriggja ára samning við Samband Sparisjóða og er fyrsta árið liðið af þeim samningi. Sparisjóðirnir styrkja framhaldsskólamótið í körfubolta og hringferð KKÍ á sumrin. Samstarfið s.l. ár gekk mjög vel.

SAMNINGUR VIÐ LENGVJUNA

KKÍ er með samning við Lengjuna sem felur í sér að KKÍ fær 1.5% af þeirri upphæð sem tippað er fyrir á leiki í körfubolta, hvort sem það eru leikir á Íslandi eða í NBA-deildinni. Ástæða er til að hvetja félög til að kynna þetta fyrirkomulag fyrir stuðningsaðilum sínum í fréttabréfum og slíku því hér geta verið um verulegar tekjur að ræða.

SAMNINGUR VIÐ VISA

EKKI TÓKST AÐ GERA SAMNING VIÐ VISA Á YFIRSTANDANDI KEPPNISTIMABILI EN SAMNINGUR FYRIR NÆSTU TVÖ TIMABIL ER Á LOKASTIGI.

LOKAHÓF KKÍ

Hófið var haldið á Hótel Íslandi og tókst þokkalega vel. Hótel Ísland sá að öllu leiti um miðasölu og skemmtiatriði. Fjöldi gesta var svipaður og undanfarin ár eða um 300.

MEISTARAKEPPNIN Í KÖRFUKNATTLEIK

Meistarakeppni karla og kvenna var haldin í þriðja sinn og fóru leikirnir að þessu sinni fram í Keflavík. Viðstaddir var Finnur Ingólfsson viðskipta og iðnaðaráðherra. Eins og undanfarin ár voru leikirnir góðgerðarleikir og rann allur ágðói af þeim til félags hjartveikra barna að þessu sinni.

STJÖRNULEIKUR KKÍ

Eins og undanfarin ár stóð KKÍ fyrir stjörnuleik. Leikið var í Höllinni og var leikurinn í beinni útsendingu Stöðvar 2. Umgjörð leiksins var góð. Liðin hittust í hádegi og snæddu saman. Þá var farið í heimsókn á barnaspítala Hringssins og börnum þar gefnar góðar gjafir. Leikurinn sjálfur var hefðbundinn með troðslukeppni og þriggjastiga skotkeppni. SPRITE og ESSO voru aðalstuðningsaðilar leiksins. Á næsta ári er áætlað að gera leikinn enn veglegri og bæta laugardeginum við og búa til nokkurs konar stjörnuhelgi.

SJÓNVARPSAUGLÝSING UM KÖRFUBOLTA

KKÍ lét gera auglýsingu um körfubolta þar sem meginþemað er að körfubolti sé skemmtilegur, æfðu körfubolta og farðu á völlinn. Auglýsingin var sýnd á Stöð 2 í september og október og enn fremur var hún keyrð fyrir úrslitakeppnina í mars.

ÚTGÁFUMÁL

KKÍ hefur gefið út blað sem nefndist þjálfaraspjaldið og hefur Jón Kr. Gíslason yfirumsjón með því. Alls eru um 50 þjálfarar sem eru áskrifendur af því blaði. KKÍ hefur keypt lokaritgerð frá ÍKÍ um þollþálfun körfuknattleiksmanna og stefnir að því að gefa hana út fyrir haustið og nýta hana á þjálfaranámskeiðum. Stefnt hefur verið að útgáfu námsskrár í körfubolta en gengið hægt. Viðræður hafa verið í gangi við nemendur ÍKÍ sem eru að vinna hluta þessa verkefnis sem lokaritgerð. Hugmyndir eru uppi um að fá þá til að fullklára verkið og gefa út á næsta ári.

ÓLYMPÍULEIKAR SMÁÞJÓÐA

Olympíuleikar smáþjóða voru haldnir hér á landi s.l. sumar. KKÍ bar ábyrgð á umsjón og skipulagningu á körfuboltamótinu og var þar mikil vinna í undirbúningi og framkvæmd. Mótið sjálft tókst mjög vel og fengu Íslendingar hrós fyrir góða framkvæmd. Mótið fór fram í íþróttahúsinu Smáranum. Var aðstaða þar til fyrirmynadar og vann starfsfólk íþróttahússins frábært starf sem þakka ber fyrir. Kvennalandslíðið stóð sig mjög vel og sigrarði í mótinu. Karlaliðið olli vonbrigðum, komst ekki í úrslit og varð að láta sér þriðja sætið lynda.

EVRÓPUKEPPNI KARLALANDSLIÐA

Ísland tryggði sér þátttökurétt í milliriðli Evrópukeppni landsliða. Liðið lék two heimaleiki á keppnistimabilinu og þrjá útileiki. Allir leikirnir töpuðust. Mikil vinna fór í að skipuleggja heimaleiki landsliðsins og tókst það þokkalega. Var þetta í fyrsta sinn sem KKÍ skipuleggur leiki af þessari stærðargráðu og margt sem hægt var að læra og kom í ljós ýmislegt sem betur mátti fara. Þvíð er í skýrslu landsliðsþjálfara varðandi úrslit og fl..

FUNDIR

Ólafur Rafnsson og Pétur Hrafn Sigurðsson sóttu FIBA þingið sem haldið var í Kaupmannahöfn. Þeir sóttu einnig ÍSÍ þingið sem haldið var í Reykjavík ásamt Gísla Friðjónssyni. Enn fremur fóru Ólafur Rafnsson og Pétur Hrafn Sigurðsson á árlegan fund formanna og framkvæmdastjóra Norðurlandanna í október. Pétur Hrafn Sigurðsson sótti fund í fræðslunefnd Norðurlandanna. Björn Björgvinsson fór á fund í unginganefnd FIBA sem hann hefur átt sæti í undanfarin fjögur ár. Ólafur Rafnsson sótti fund í Barcelona þar sem dregið var í Evrópukeppni landsliða s.l. sumar.

ALLIR LEIKIR Á NETIÐ

Unnið hefur verið að því að hanna kerfi þannig að allar leikskýrslur í leikjum sem fram fara í DHL-deildinni og í 1. deild kvenna verði slegnar inn í tölvu sem tengd er beint við netið. Á sama hátt verður

tölfraðin slegin inn. Þannig verður mögulegt að fylgjast með gangi mála í öllum leikjum í gegn um netið og sjá hvaða hlutir eru að gerast hverju sinni. Vonandi verður hægt að taka þetta kerfi upp í haust.

IÐKENDATÖLUR

KKÍ hefur athugað hlutfallslega aldursskiptingu iðkenda í íþróttum. Hjá KKÍ eru 11% iðkenda 10 ára eða yngri. Hjá KSÍ er sambærileg tala 26% og hjá HSÍ 23%. SSÍ er með 43% iðkenda undir 10 ára aldri. Þessar tölur eru umhugsunarverðar fyrir félögini og KKÍ. Erum við að byrja of seint, verðum við ekki undir í samkeppnni ef við bjóðum ekki upp á æfingar fyrir yngri börn?

MATSKERFI DÓMARA

Í samræmi við samþykktir síðasta þings var ákveðið að taka upp matskerfi fyrir dómara. Dómaranefnd með Kristinn Albertsson í broddi fylkingar átti mestan heiðurinn af því að koma kerfinu á. Björn Björgvinsson hefur séð um að halda utan um kerfið og setja matsmenn á leiki. Um áramót var árangurinn metinn og komu í ljós nokkrir gallar sem lagfærðir voru. Niðurstöður úr matskerfinu fylgja í skýrslu Björns Björgvinssonar.

NORÐURLANDAMÓT FÉLAGSLIÐA

Íslandsmeistarar karla og kvenna hafa rétt til að taka þátt í Norðurlandamóti félagsliða sem haldið verður næsta haust í Noregi í byrjun september.

SEMINAR MED FJÖLMIÐLAMÖNNUM

KKÍ bauð íþróttatímamónum sem starfandi eru á stærstu fjölmíðlum landsins til seminars s.l. haust þar sem verkefni vetrarins voru kynnt, haldin voru stutt erindi og málin rædd. Fundurinn var haldinn í rútu frá Hópbílum og farið var til Grindavíkur. Þar var kvöldverður í boði Stakkavíkur og kaffibóð á eftir hjá Ólafi Jóhannssyni. Þakkar KKÍ Hópbílum og Stakkavík fyrir stuðning þessara fyrirtækja við þetta seminar. Lýstu fjölmíðlamenn mikilli ánægju með þetta fyrirkomulag og vonandi verður framhald á.

KÖRFUBOLTI Á BREIÐBANDINU

KKÍ hefur átt í viðræðum við Íslenska Miðlun um að KKÍ fái tíma á sjónvarpsstöð sem verið er að taka í notkun. Miðað er við að sýnt verði frá fjölliðamótum og leikjum yngri flokka.

ALÐJÓÐLEGT MINNIBOLTAMÓT 2001

Stjórnan KKÍ ákvað að sækja um að halda alþjóðlegt minniboltamót á árinu 2001 en þá á KKÍ 40 ára afmæli og verður þetta mótt hluti af afmælishaldi KKÍ.

HEIÐURSVIÐURKENNINGAR.

Á lokahófi 1998 fengu eftirtaldir heiðursviðurkenningar:

Sigurður Valgeirsson	Gullmerki
Sólrún Anna Rafnsdóttir	Silfurmerki
Ægir Ágústsson	Silfurmerki
Kristinn Albertsson	Silfurmerki
Jóhann Ingólfsson	Silfurmerki

KÖRFUKNATTLEIKSDÓMARAFÉLAG ÍSLANDS

Körfuknattleiksdómarar ásamt með dómaranefnd KKÍ hafa endurreist körfuknattaleiksdómarafélag Íslands KKDÍ sem legið hefur í dvala mörg undanfarin ár. Á KKÍ von á að með því komist enn meiri og betri festa á málefni dómara og fagnar endurreisn félagsins.

EMBÆTTI SVÆÐISSTJÓRA

Haldinn var fundur með nokkrum aðilum sem samþykkt hafa að taka að sér embætti svæðisstjóra. Ekki gátu allir mætt á fundinn, sem þó var gagnlegur. Markmiðið er að svæðisstjórar muni auðvelda og hjálpa til við útbreiðslu körfuknattleiksins.

HEIMSÓKN DAVID STERN

David Stern, framkvæmdastjóri NBA- deildarinnar kom í heimsókn til Íslands s.l. sumar. Gafst stjórnarmónum tækifæri til að hitta hann og ræða við hann um málefni körfuboltans og fl.. Var Stern mjög ánægður með heimsókn sína til Íslands.

SKÓLAMÓT

Framhaldsskólamót var haldið eins og undansfarin ár og koma upplýsingar fram um það móti í skýrslu mótanefndar. Reynt var að fara af stað með grunnskólamót en framkvæmdin lenti beint ofan í kennaraverkfalli og teljum við það ástæðuna fyrir litlum viðbrögðum frá íþróttakennurum. Ekkert varð úr mótinu en stefnt er að því að halda mótið á næsta keppnistímabili.

NORRÆN FRÆÐSLUNEFND

Sett hefur verið á stofn norræn fræðslunefnd, North West Basketball Academy, sem vinna á að sameiginlegum hagsmunamálum Norðurlandanna hvað varðar menntun þjálfara, þjálfun og uppbyggingu afreksfólks og fl.. Þétur Hrafn Sigurðsson situr í nefndinni fyrir hönd Íslands.

F.h. stjórnar
Ólafur Rafnsson

SKÝRSLA MÓTANEFNDAR

Mótanefnd var skipuð þeim Ríkharði Hrafnkelssyni formanni, Ægi Ágústssyni og Hannesi Jónssyni. Björn Leósson var starfsmaður mótanefndar.

Leikjum á Íslandsmóti fækkaði um 19% milli ára, en í fyrra varð 3% fækkun leikja eftir um 20% fjölgun á hverju ári næstu fjögur ár þar á undan. Þessa fækkun má skýra með því að félögin senda færri lið til keppni en áður og mun minna er um b-lið. Leikjum í yngri flokkum stúlkna fjöldaði milli ára annað árið í röð, en ljóst er að þar er óplægður akur.

Í DHL-deildinni var leikið í einum riðli annað árið í röð eftir breytingu. Grindvíkingar höfðu yfirburði yfir önnur lið í deildinni og urðu deildarmeistarar. Keppni í deildinni var jafnari en áður eru dæmi um. Þrjú lið voru jöfn í 2.-4. sæti og einnig þrjú lið jöfn í 5.-7. sæti aðeins tveimur stigum á eftir. Aðeins munaði sex stigum á 2. sætinu og því 8. Lið KFÍ var í toppbaráttu á sínu öðru ári í deildinni, en botnbaráttan kom í hlut gamalgróinna liða Vals, Þór Ak. og ÍR. ÍR var á botni deildarinnar allt mótið og fíll í 1. deild.

Úrslitakeppnin var mjög skemmtileg í ár og vakti meiri athygli en árið á undan. Mesta athugli vakti brotthvarf Grindvíkinga úr keppninni, en Skagamenn gerðu sér lítið fyrir og sendu deildarmeistarana snemma í sumarfrí. Allar viðureignir fjórðungsúrslitanna fór í oddaleik nema ein. Auk Skagamanna komust Njarðvíkingar, Keflavíkingar og KR-ingar í undanúrslit. Þar var hart barist, KR sigraði ÍA í fjögurra leikja rímmu, en viðureign nágrannaliðanna úr Reykjanesbæ fór í oddaviðureign.

Njarðvíkingar fóru með sigur af hólmi og komust í úrslit gegn KR. Úrslitaleikirnir urðu aðeins þrír og Njarðvíkingar fögnuði sínum tiunda meistaratitli í úrvalsdeild.

Í 1. deild kvenna fækkaði liðunum úr sjö í sex. Eitt félag hætti keppni þegar nokkuð var liðið á móti. Voru þá fimm lið eftir, en þau voru tíu fyrir tveimur árum. Keflavík varð deildarmeistari, eftir harða baráttu við KR. UMG og ÍS fylgdu þar á eftir. ÍR varð neðst í deildinni. Keflavík hélt sigurgöngu sinni áfram og varð Íslandsmeistari eftir fjóra úrslitaleiki gegn KR.

Í 1. deild karla kepptu tíu lið eins og undanfarin ár, þar af voru fimm þeirra með erlenda leikmenn. Snæfell sigraði í öllum leikjum sínum í deildinni, en Stjarnan, Þór Þ. og ÍS fylgdu Snæfelli í úrslitakeppnina. Þar hélt Snæfell áfram sigurgöngu sinni og endurheimti sæti sitt í efstu deild. Leiknir fíll í 2. deild.

Úrslitakeppni 2. deilda karla fór fram í Reykjavík. Tvö félög tefldu fram bandarískum leikmönnum, Fylkir og IV. Þau sigruðu í sínum riðlum og mættust í úrslitaleik þar sem Fylkir hafði betur. Sex félög tóku þátt í 2. deild kvenna. Sigurvegari varð lið Tindastóls.

Alls sendu 60 félög lið til keppni á Íslandsmótinu 1997-1998, þar af voru tvö erlend félög af Keflavíkurflugvelli. Aldrei hafa fleiri félög tekið þátt í mótinu og ljóst er að enn á eftir að bætast við á næstu árum, en mikill áhugi er á að koma liðum inn í 2. deild karla.

Mótanefnd barst nokkur fjöldi beiðna um tilfærslu á leikjum. Flestar þessar beiðnir komu fram með of skömmum fyrirvara þannig að svigrúm til breytinga var ekki. Í öðrum tilvikum voru leikir færðir til ef gildar ástæður voru fyrir beiðninni eins og lög og reglugerðir hveða á um. Sú festa sem mótanefnd hefur sýnt í þessum efnum undanfarin ár hefur skilað því að nú er hægt að treysta mótabók KKÍ. Leikir fara fram á þeim tíma sem þar kemur fram, nema í undantekningar tilfellum.

ÍSLANDSMÓT 1997-1998

Íslandsmeistarar í einstökum flokkum urðu sem hér segir:

Meistaraflokkur karla - DHL-deild	Ungmennafélag Njarðvíkur
Meistaraflokkur kvenna - 1. deild	Íþróttá og ungmennafélagið Keflavík
1. deild karla	Ungmennafélagið Snæfell
2. deild karla	Íþróttafélagið Fylkir
2. deild kvenna	Ungmennafélagið Tindastóll
1. flokkur karla	Íþróttá og ungmennafélagið Keflavík
Unglingaflokkur karla	Ungmennafélagið Tindastóll
Unglingaflokkur kvenna	Íþróttafélag Reykjavíkur
Drengjaflokkur	Knattspyrnufélagið Þór Ak.
Stúlknaflokkur	Ungmennafélagið Tindastóll
10. flokkur	Knattspyrnufélag Reykjavíkur
9. flokkur	Knattspyrnufélag Reykjavíkur
8. flokkur	Knattspyrnufélag Haukar
8. flokkur kvenna	Íþróttá og ungmennafélagið Keflavík
7. flokkur	Ungmennafélag Selfoss
Minnibolti drengja	Íþróttafélag Reykjavíkur
Minnibolti stúlkna	Knattspyrnufélag Reykjavíkur

ÍSLANDSMEISTARAR Í 2. DEILD YNGRI FLOKKA

Drengjaflokkur	Knattspyrnufélag Reykjavíkur B
10. flokkur	Knattspyrnufélag Reykjavíkur B
9. flokkur	Íþróttafélag Reykjavíkur B
8. flokkur	Íþróttá og ungmennafélagið Keflavík B
7. flokkur	Ungmennafélag Hrunamanna
Minnibolti drengja	Ungmennafélagið Tindastóll

MEISTARFLOKKUR KARLA DHL-DEILD

LOKASTAÐAN Í DHL-DEILD

Nr.	Félag	Leikir	U	T	Stig	Nettó	Stig
1.	Grindavík	22	19	3	1.990:1.761	229	38
2.	KR	22	14	8	1.834:1.791	43	28
3.	Haukar	22	14	8	1.840:1.661	179	28
4.	UMFN	22	14	8	1.984:1.788	196	28
5.	KFÍ	22	13	9	1.880:1.803	77	26
6.	Keflavík	22	13	9	1.963:1.876	87	26
7.	Tindastóll	22	13	9	1.728:1.656	72	26
8.	ÍA	22	11	11	1.671:1.701	-30	22
9.	Skallagrímur	22	9	13	1.821:1.920	-99	18
10.	Valur	22	5	17	1.796:1.945	-149	10
11.	Þór Ak.	22	4	18	1.739:2.071	-332	8
12.	ÍR	22	3	19	1.707:1.980	-273	6

ÚRSLIT LEIKJA Í ÚRSLITAKEPPNI DHL-DEILDAR

8-LIÐA ÚRSLIT

Grindavík - ÍA	75-65	KR - Tindastóll	69-57
ÍA - Grindavík	75-73	Tindastóll - KR	90-76
Grindavík - ÍA	81-82 (76-76)	KR - Tindastóll	82-73
Haukar - Keflavík	78-84	UMFN - KFÍ	74-69
Keflavík - Haukar	89-76	KFÍ - UMFN	96-87
		UMFN - KFÍ	88-67

4-LIÐA ÚRSLIT

KR - ÍA	82-80 (67-67)	UMFN - Keflavík	105-98
ÍA - KR	78-74 (68-68)	Keflavík - UMFN	119-81
KR - ÍA	69-58	UMFN - Keflavík	82-73
ÍA - KR	70-82	Keflavík - UMFN	92-81

UMFN - Keflavík 93-88

ÚRSLIT

KR - UMFN	75-88
UMFN - KR	72-56
KR - UMFN	94-106

TÖLFRÆÐI DHL-DEILDAR - VERÐLAUNAHAFAR

(Sjá nánar www.toto.is/kki)

Stigaskor	Darryl Wilson	UMFG	33,28
Best nýting í þriggja stiga skotum	Bjarni Magnússon	ÍA	49,4%
Besta vítanýting	Gunnar Einarsson	Keflavík	97,0%
Flest frákost	Jessu Ratliff	Pór Ak.	18,4
Flestar stoðsendingar	Warren Peebles	Valur	8,1
Flest varin skot	Konstantinos Tsartsaris	Grindavík	4,5
Flestir stolnir boltar	Helgi J. Guðfinnsson	Grindavík	4,0

ÖNNUR EINSTAKLINGSVERÐLAUN SEM AFHENT VORU Á LOKAHÓFI KKÍ

NIKE-lið	Helgi J. Guðfinnsson	Grindavík
	Teitur Örlygsson	UMFN
	Sigfús Gízurarson	Haukar
<i>FALUR HAR AUKS</i>	Nókrum Már Jónsson	KEFLAVÍK
	Friðrik Stefánsson	KFÍ
Besti leikmaður	Helgi J. Guðfinnsson	Grindavík
Besti nýliði	Baldur Ólafsson	KR
Besti erlendi leikmaður	David Bevis	KFÍ
Besti þjálfari	Jón Sigurðsson	KR
Besti dómari	Kristinn Óskarsson	Keflavík
Efnilegasti dómari	Jón Halldór Eðvaldsson	Keflavík

LOKASTAÐAN Í 1. DEILD KVENNA

Nr.	Félag	Leikir	U	T	Stig	Nettó	Stig
1.	Keflavík	16	13	3	1.156:855	301	26
2.	KR	16	13	3	1.065:855	210	26
3.	Grindavík	16	8	8	948:920	28	16
4.	ÍS	16	6	10	903:955	-52	12
5.	ÍR	16	0	16	726:1.213	-487	0
6.	Breiðablik	hætti keppni					

ÚRSLIT LEIKJA Í ÚRSLITAKEPPNI KVENNA

4-LIÐA ÚRSLIT

Keflavík - ÍS	71-57	KR - Grindavík	53-39
ÍS - Keflavík	59-91	Grindavík - KR	51-66

ÚRSLIT

Keflavík - KR	75-54
KR - Keflavík	75-65
Keflavík - KR	71-61
KR - Keflavík	50-61

TÖLFRÆÐI 1. DEILDAR KVENNA - VERÐLAUNAHAFAR

(Sjá nánar tölfræðihefti KKÍ 1996-1997)

Stigaskor	Anna María Sveinsdóttir	Keflavík	15,13
Best nýting í þriggja stiga skotum	María B. Leifsdóttir	ÍS	37,2%
Besta vítanýting	Penny Ann Peppas	UMFG	90,0%
Flest frákost	Signý Hermannsdóttir	ÍS	9,2
Flestar stoðsendingar	Alda Leif Jónsdóttir	ÍS	5,1
Flest varin skot	Signý Hermannsdóttir	ÍS	2,5
Flestir stolnir boltar	Jennifer Boucek	Keflavík	5,3

ÖNNUR EINSTAKLINGSVERÐLAUN SEM AFHENT VORU Á LOKAHÓFI KKÍ

NIKE - lið	Erla Reynisdóttir	Keflavík
	Alda Leif Jónsdóttir	ÍS
	Guðbjörg Norðfjörð	KR
	Erla Þorsteinsdóttir	Keflavík
	Anna María Sveinsdóttir	Keflavík
Besti leikmaður	Anna María Sveinsdóttir	Keflavík
Besti nýliði	Guðrún A. Sigurðardóttir	ÍR
Besti þjálfari	Karl Jónsson	ÍR

LOKASTAÐAN Í 1. DEILD KARLA

Nr.	Félag	Leikir	U	T	Stig	Nettó	Stig
1.	Snæfell	18	18	0	1.617:1.107	510	36
2.	Stjarnan	18	14	4	1.610:1.234	376	28
3.	Þór Þorlákshöfn	18	14	4	1.550:1.411	114	28
4.	ÍS	18	11	7	1.407:1.411	-4	22
5.	Hamar	18	8	10	1.495:1.488	7	16
6.	Höttur	18	8	10	1.502:1.560	-58	16
7.	Breiðablik	18	7	11	1.369:1.434	-65	14
8.	Stafholtstungur	18	4	14	1.353:1.513	-160	8
9.	Selfoss	18	4	14	1.388:1.635	-247	8
10.	Leiknir R.	18	2	16	1.135:1.608	-473	4

ÚRSLIT LEIKJA Í ÚRSLITAKEPPNI 1. DEILD KARLA

4-LIÐA ÚRSLIT

Snæfell - ÍS	74-68	Stjarnan - Þór P.	74-71
ÍS - Snæfell	75-86	Þór P. - Stjarnan	90-84
		Stjarnan - Þór P.	87-90

ÚRSLIT

Snæfell - Þór P.	113-65
Þór P. - Snæfell	63-82

TÖLFRÆÐI 1. DEILDAR KARLA - VERÐLAUNAHAFAR
 (Sjá nánar tölfraðihefti KKÍ 1996-1997)

Stigaskor	Clifton Buch	Snæfell	30,44
-----------	--------------	---------	-------

ÖNNUR EINSTAKLINGSVERÐLAUN SEM VEITT VORU Á LOKAHÓFI KKÍ

Úrvalslið	Jón Örn Guðmundsson Hrafn Kristjánsson Atli Þorbjörnsson Birgir Guðfinnsson Birgir Mikaelsson	Þór Þ. Hamar ÍS Leiknir Snæfell
Besti leikmaður	Birgir Mikaelsson	Snæfell
Besti erlendi leikmaður	Clifton Buch	Snæfell
Besti þjálfari	Birgir Mikaelsson	Snæfell

2. DEILD KARLA

Alls hófu 31 félag keppni í 2. deild karla. Deildinni skipt í tvær heima/heiman deildir og fjóra fjölliðamótstriða. Eitt félag hætti keppni og eitt félag var gestalið.

LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA A1

Nr.	Félag	Leikir	U	T	Stig	Nettó	Stig
1.	Léttir	18	16	2	1.393:1.204	189	32
2.	Fylkir	18	12	6	1.356:1.235	121	24
3.	Reynir S.	18	11	7	1.343:1.372	-29	22
4.	GK. Grindavíkur	18	8	10	1.354:1.323	31	16
5.	HK	18	8	10	1333:1340	-7	16
6.	Fjölnir	18	6	12	1239:1286	-47	12
7.	Hrönn	18	2	16	1110:1368	-258	4

LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA A2

Nr.	Félag	Leikir	U	T	Stig	Nettó	Stig
1.	Skotf Ak	15	14	1	1.357:945	412	28
2.	Smári Varmahlíð	15	12	3	1.117:951	166	24
3.	Dalvík	15	7	8	1.054:1.029	25	14
4.	Leiftur	15	6	9	929:1.028	-99	12
5.	Laugar	15	4	11	863:1.072	-209	8
6.	Umf. Glói	15	2	13	840:1.135	-295	4

LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA R-1 RIÐILL

Nr.	Félag	Leikir	U	T	Stig	Nettó	Stig
1.	SH	6	5	1	438:342	96	10
2.	GKG	6	3	3	375:360	15	6
3.	Örninn	6	1	5	302:413	-111	2
4.	NATÓ (gestir)	0	0	0	0:0	0	0

LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA R-2 RIÐILL

Nr.	Félag	Leikir	U	T	Stig	Nettó	Stig
1.	Árvakur	9	8	5	684:554	130	16
2.	Hvatberar	9	5	4	573:547	26	10
3.	Eilífur	9	4	5	595:609	-14	8
4.	Hvöt	9	1	8	565:707	-142	2

LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA V-RIÐILL

Nr.	Félag	Leikir	U	T	Stig	Nettó	Stig
1.	Víkingur Ól.	6	4	2	448:360	88	8
2.	Reynir	6	4	2	398:393	5	8
3.	Grundarfj.	6	1	5	377:470	-93	2

Hörður mætti ekki í 1. umferð. USVH mætti ekki í 3. umferð og var liðunum vísað úr keppni.

LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA S-RIÐILL

Nr.	Félag	Leikir	U	T	Stig	Nettó	Stig
1.	ÍV	12	10	2	823:691	132	20
2.	Dímon	12	8	4	778:671	107	16
4.	Sindri	12	8	4	803:777	26	16
5.	UMFH	12	4	8	670:684	-14	8
3.	Garpur	12	0	12	444:695	-251	0

ÚRSLITAKEPPNI 2. DEILDAR KARLA

Sigurvegarar riðlanna komust í úrslit auch liða númer 2 í A1 og A2. Keppnin var haldin í Reykjavík 27.-29. mars. Liðunum var skipt í two riðla og léku allir við alla innan riðlanna. Efstu liðin í hvorum riðli léku síðan úrslitaleik deildarinnar, liðin í 2. sæti léku um 3.-4. sætið o.s.f.v. Svo fór að liðin sem tefldu fram bandarískum leikmönnum léku til úrslita og hafði Fylkir betur gegn ÍV.

Riðlaskiptingin var eftirsarandi:

A-riðill: Léttir, ÍV, Smári, SH.

B-riðill: Skotf. Ak. Fylkir, Vikingur Ól. Árvakur.

Úrslit leikjanna voru eftirsarandi:

A-riðill:	B-riðill:
Léttir-Smári	85-62
SH-ÍV	61-92
Smári-SH	66-61
Smári - ÍV	56-73
Léttir-SH	100-63
	Skotf. Ak.-Fylkir 81-94
	Víkingur-Árvakur 67-65
	Árvakur-Skotf.Ak. 90-97
	Fylkir-Árvakur 89-56
	Skotf. Ak.-Víkingur Ól. 96-71

LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI:

Nr.	Félag	Leikir	U	T	Stig	Nettó	Stig
1.	ÍV	3	3	0	251:201	50	6
2.	Léttir	3	2	1	269:211	58	4
3.	Smári	3	1	2	184:219	-35	2
4.	SH	3	0	3	185:258	-73	0

LOKASTAÐAN Í B-RIÐLI:

Nr.	Félag	Leikir	U	T	Stig	Nettó	Stig
1.	Fylkir	3	3	0	285:214	71	6
2.	Skotf. Ak.	3	2	1	274:255	19	4
3.	Víkingur Ól.	3	1	2	215:263	-48	2
4.	Árvakur	3	0	3	211:253	-42	0

LEIKIR UM SÆTI:

1.-2. sæti:	ÍV-Fylkir	68-85
3.-4. sæti	Léttir-Skorf. Ak.	82-70
5.-6. sæti	Smári-Víkingur	20-0
7.-8. sæti	SH-Árvakur	74-59

2. DEILD KVENNA

Alls tóku 6 félög þátt í 2. deild kvenna. Íslandsmeistari varð Tindastóll.

LOKASTAÐAN

Nr.	Félag	Leikir	U	T	Stig	Nettó	Stig
1.	Tindastóll	15	13	2	939:735	204	26
2.	Skallagrímur	15	12	3	903:649	254	24
3.	KFÍ	15	8	7	715:678	37	16
4.	ÍA	15	8	7	683:724	-41	16
5.	Þór Ak.	15	3	12	613:785	-172	6
6.	Haukar	15	1	14	575:857	-282	2

UMFH og Fylkir hættu við þátttöku.

1. FLOKKUR KARLA

Sjö félög tóku þátt í Íslandsmótinu í 1. flokki karla og léku allir við alla eina umferð. Lið ÍR hætti keppni og kom lið ÍA inn í mótið í þeirra stað.

Eftirtalin félög tóku þátt: Valur, UMGF, KR, ÍR, Keflavík, UMFN, Skallagrímur.

Skyrslur úr mótinu hafa ekki skilað sér sem skildi til KKÍ, en þó er ljóst að Keflavík varð Íslandsmeistari.

UNGLINGAFLOKKUR KARLA A-1

Eftirtalin félög tóku þátt í unglingsflokki karla: KR a, KR b, Breiðablik, ÍR, UMFN, Keflavík, Valur, Haukar, Laugdælir, unglingslandsliðið (gestir).

LOKASTAÐAN

Nr.	Félag	Leikir	U	T	Stig	Nettó	Stig
1.	Keflavík	16	15	1	1398:1111	287	30
2.	Valur	16	13	3	1318:1083	235	26
3.	Haukar	16	12	4	1348:1092	256	24
4.	KR A	16	8	8	1197:1188	9	16
5.	Breiðablik	16	7	9	1205:1210	-5	14
6.	KR B	16	6	10	1165:1281	-116	12
7.	Laugdælir	16	5	11	1041:1298	-257	10
8.	UMFN	16	4	12	1221:1395	-174	8
9.	ÍR	16	2	14	1037:1272	-235	4
10.	Ungl. (gestir)	0	0	0	0:0	0	0

Í úrslit komust: Keflavík, Grindavík, Haukar.

UNGLINGAFLOKKUR KARLA A-2

Fjölliðamótskeppni í unglingsflokki karla A-2 var ekki haldin þar sem aðeins eitt lið, Tindastóll, skráði sig til keppni. Lið Tindastóls komst því beint í úrslit:

ÚRSLITAKEPPNI UNGLINGAFLOKKKS KARLA

Keflavík-Haukar 75-64 Tindastóll-Valur 90-74
Keflavík-Tindastóll 85-100

DRENGJAFLOKKUR

Eftirtalin félög tóku þátt í drengjaflokki og var þeim skipt í þrjá riðla.

Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: Þór Ak., KR, KR c, Tindastóll, Valur.

B-riðill: Keflavík, Fjölnir, Haukar, ÍR, Skallagrímur.

C-riðill: KFÍ, Breiðablik, ÍA, Fylkir.

UMFG hætti við þáttöku. Skallagrímur hætti keppni.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

KR - Þór Ak.	58-68	KR C - Keflavík	69-63
<u>Þór Ak. - KR C</u>	<u>72-59</u>		

11. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin félög töku þátt í 11. flokki og var þeim skipt í fjóra riðla.

Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: KR a, Keflavík, UMFN, Stjarnan, ÍR.

B-riðill: Tindastóll, Skallagrímur, Þór Ak. Valur, KR c.

C-riðill: Breiðablik, Hörður, Haukar,

ÍA, UMFG og ÍR c hættu við þáttöku.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

UMFN - KR	85-80	Keflavík - ÍR	76-60
<u>Keflavík - UMFN</u>	<u>94-85</u>		

10. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin félög töku þátt í 10. flokki og var þeim skipt í fjóra riðla.

Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: KR, ÍR, Snæfell, UMFN, Keflavík.

B-riðill: Stjarnan, Þór Þ. Skallagrímur, Breiðablik, Leiknir.

C-riðill: ÍA, Fylkir, Hörður, Fjölnir.

Haukar, UMFG og KR c hættu við þáttöku. Stjarnan mætti ekki með gestalið í 3. umferð.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

KR-UMFN	81-70	ÍR-Snæfell	69-50
<u>KR - ÍR</u>	<u>66-54</u>		

9. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin félög töku þátt í 9. flokki og var þeim skipt í þrjá riðla.

Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: KR, UMFG, Leiknir, Tindastóll, Fjölnir, Keflavík.

B-riðill: Haukar, UMFN, ÍR, Þór Ak. ÍA, Valur.

C-riðill: Þór Þ. Skallagrímur, Stjarnan, KFÍ.

Breiðablik hætti við þáttöku. KFÍ og ÍA hættu keppni.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

Grindavík - Keflavík	85-26	KR - Leiknir	50-40
<u>Grindavík - KR</u>	<u>45-47</u>		

8. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin félög töku þátt í 8. flokki og var þeim skipt í fjóra riðla.

Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: Haukar, Stjarnan, UMFN, Keflavík, Fjölnir.

B-riðill: Grindavík, Breiðablik, Selfoss, Valur, KR.

C-riðill: Skallagrímur, ÍA, Snæfell, ÍR, Þór Ak.

D-riðill: Tindastóll, Fylkir, Hörður, Leiknir.

Leiknir hætti keppni.

LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

Nr.	Félag	Leikir	U	T	Stig	Nettó	Stig
1.	Haukar	4	4	0	182:111	71	12
2.	Stjarnan	4	3	1	144:144	0	10
3.	Fjölnir	4	2	2	180:189	-9	6
4.	UMFN	4	1	3	131:161	-30	5
5.	Keflavík	4	0	4	126:158	-32	3

7. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin félög töku þátt í 7. flokki og var þeim skipt í þrjá riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: UMFN, Selfoss, Haukar, Grindavík, Haukar, KR, Fylkir.
B-riðill: Fjölnir, Keflavík, Stjarnan, Skallagrímur ÍR.

C-riðill: Snæfell, Þór Ak., KFÍ, Breiðablik.

ÍA, Valur, Leiknir og Tindastóll hættu við þátttöku. Skallagrímur hætti keppni. Breiðablik, ÍR og Þór Ak. mættu ekki í 2. umferð. Fengu að senda gestalið í 3. umferð.

LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

Nr.	Félag	Leikir	U	T	Stig	Nettó	Stig
1.	Selfoss	4	4	0	179:133	46	11
2.	Grindavík	4	3	1	177:139	38	9
3.	UMFN	4	2	2	168:153	15	6
4.	Haukar	4	1	3	103:160	-57	6
5.	Fjölnir	4	0	4	137:179	-42	4

MINNIBOLTI DRENGJA

Eftirtalin félög töku þátt í minnibolta drengja og var þeim skipt í þrjá riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: UMFN, KR, Snæfell, Grindavík.

B-riðill: Stjarnan, Keflavík, Fjölnir, ÍA, Haukar, Þór B.

C-riðill: ÍR, Skallagrímur, Valur, Breiðablik, KFÍ, Leiknir.

Selfoss og Fylkir hættu við þátttöku. Haukar og Leiknir hættu keppni. KFÍ mætti ekki í 1. og 2. umferðen kom með gestlið inn í 3. umferð.

LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

Nr.	Félag	Leikir	U	J	T	Stig	Nettó	Stig
1.	ÍR	4	3	0	1	153:109	44	6
2.	UMFN	4	3	0	1	148:140	8	6
3.	KR	4	2	0	2	116:138	-22	4
4.	ÍA	4	2	0	2	146:151	-5	4
5.	Fjölnir	4	0	0	4	138:163	-25	0

UNGLINGAFLOKKUR KVENNA

Eftirtalin félög töku þátt í unglingsflokki kvenna og var þeim skipt í þrjá riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: Keflavík, Breiðablik, ÍR, UMFN, Snæfell.

B-riðill: Þór Ak., Haukar, Grindavík, KR, Tindastóll.

ÍA hætti við þátttöku. Haukar og Þór Ak. hættu keppni.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

ÍR-Keflavík 59-33
Grindavík-ÍR 32-36

Tindastóll-Grindavík 37-39

STÚLKNAFLOKKUR

Eftirtalin félög töku þátt í stúlknaflokk og var þeim skipt í two riðla.

Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: ÍR, Breiðablik, UMFN, Keflavík, Tindastóll, KR.

B-riðill: Skallagrímur, UMFH, Keflavík b, Haukar.

ÍA og USAH hættu við þátttöku. Haukar hættu keppni. USAH kom síðan inn með gestalið.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

ÍR-Breiðablik	??-??	Tindastóll-UMFN	47-42
<u>Breiðablik-Tindastóll</u>	<u>26-45</u>		

8. FLOKKUR KVENNA

Eftirtalin félög töku þátt í 8. flokki kvenna og var þeim skipt í þrjá riðla.

Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: Keflavík, ÍR, Tindastóll, Snæfell.

B-riðill: Breiðablik, KR, Grindavík, Haukar.

C-riðill: UMFA, UNP, Hörður, Skallagrímur.

ÍA, Hörður og UMFN hættu við þátttöku.

LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

Nr.	Félag	Leikir	U	T	Stig	Nettó	Stig
1.	Keflavík	3	3	0	132:57	75	6
2.	Snæfell	3	2	1	70:88	-18	4
3.	ÍR	3	1	2	79:94	-15	2
4.	KR	3	0	3	75:117	-42	0

MINNIBOLTI STÚLKNA

Eftirtalin félög töku þátt í minnibolta stúlkna og var þeim skipt í two riðla.

Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: Keflavík, KR, UMFH, ÍR, Grindavík.

B-riðill: Skallagrímur, Breiðablik, Haukar, Grindavík b, UMFN.

Fylkir hætti við þátttöku. Breiðablik, UMFN og Grindavík b hættu keppni og voru A og B-riðlar sameinaðir eftir 1. umferð. Skallagrímur og Haukar hættu þátttöku eftir 2. umferð.

LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

Nr.	Félag	Leikir	U	J	T	Stig	Nettó	Stig
1.	KR	4	4	0	0	110:77	33	8
2.	ÍR	4	3	0	1	113:87	26	6
3.	UMFH	4	2	0	2	116:90	26	4
4.	Grindavík	4	1	0	3	93:128	-35	2
5.	Keflavík	4	0	0	4	64:114	-50	0

ÍSLANDSMÓT YNGRI FLOKKAR 2. DEILD (Landshlutariðlar)

DRENGJAFLOKKUR

Eftirtalin félög töku þátt í drengjaflokki:

Suð-vesturiðill-RE: KR b, Stjarnan, Keflavík b, Þróttur V. Valur b, UMFA

Suðurlandsriðill-SL: Hamar, Laugdælir, Sindri, Höttur.

ÍR b hætti við þátttöku. Valur b og Þróttur V. hættu keppni.

Í úrslit komust: KR b, Stjarnan, Laugdælir og Sindri.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

KR b - Sindri	76-52	Stjarnan - Laugdælir	75-44
<u>KR b - Stjarnan</u>	<u>63-47</u>		

11. FLOKKUR

Eftirtalin félög tóku þátt í 11. flokki:

Suð-vesturriðill-RE: ÍR b, Stjarnan b, Valur b, ÍV.

Lið Vikings af Keflavíkurflugvelli kom inn sem gestir eftir 1. umferð. Stjarnan b hætti keppni í 3. umferð.

Í úrslit komust: Valur b og ÍR b.

Í úrslitum léku eftirtalin félög saman:

ÍR b - Valur b 61-63

10. FLOKKUR

Eftirtalin félög tóku þátt í 10. flokki:

Suð-vesturriðill-RE: ÍR b, KR b, Keflavík b, Stjarnan b, Dímon.

Norðurlandsriðill-NL: USAH, Dalvík, UNP, Leiftur

Fylkir b, Höttur og Kormákur hættu við þáttöku.

Í úrslit komust: KR b, ÍR b, Dalvík, UNP.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

KR b - Dalvík	??-??	ÍR b - UNP	45-46
<u>KR b - UNP</u>	<u>60-49</u>		

9. FLOKKUR

Eftirtalin félög tóku þátt í 9. flokki:

Suð-vesturriðill-RE: ÍR b, KR b, Haukar b, UMFH, UMFA, Keflavík B.

Í úrslit komust: ÍR b, KR b.

Keflavík b og UMFA hættu keppni.

Í úrslitum léku eftirtalin félög saman:

ÍR b - KR b 53-44

8. FLOKKUR

Eftirtalin félög tóku þátt í 8. flokki:

Suð-vesturiðill-RE: Keflavík b, Haukar b, UMFH.

Haukar b hættu keppni.

Norðurlandsriðill: USAH, UNP, Kormákur, Leiftur.

ÍR b og Dalvík hættu við þáttöku.

Í úrslit komust: Haukar b, UMGF b, KR, Keflavík b, USAH, Dalvík.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

UMFH - UNP	23-20	USAH - Keflavík b	39-46
UNP - USAH léku um 3. sætið	35-38		
<u>Keflavík b - UMFH</u>	<u>33-32</u>		

7. FLOKKUR

Eftirtalin félög tóku þátt í 7. flokki:

Suð-vesturriðill-RE Keflavík b, UMFH, Breiðablik b.

UMFA hættu við þáttöku. Breiðablik b hættu keppni. Vikings af Keflavíkurflugvelli komu inn sem gestir eftir 1. umferð.

Í úrslit komust: Keflavík b, UMFH.

ÚRSLITALEIKUR: Keflavík b - UMFH 33-35

MINNIBOLTI 11 ÁRA

Eftirtalin félög tóku þátt í minnibolta 11 ára:

Suð-vesturiðill-RE:	Fjölnir b, UMFH b, Breiðablik b, Keflavík b.
Norðurlandsriðill-NL:	Þór Ak, UMFT, Kormákur, Dalvík, Leiftur.
Í úrslit komust:	Haukar b, Fylkir b, UMFN b, Viðir, Þór Ak., Tindastóll.
ÍR b og USAH hættu við þátttöku. Breiðablik b og Leiftur hættu keppni.	
Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:	
UMFH - Dalvík	28-40
UMFH - Fjölnir b	léku um 3. sætið 35-22
<u>Tindastóll - Dalvík</u>	<u>44-27</u>
	Tindastóll - Fjölnir b 41-32

BIKARKEPPNI KKÍ (Bikarkeppni KKÍ & RENAULT)

Bikarmeistarar í einstökum flokkum urðu sem hér segir:

Meistaraflokkur karla:	Ungmennafélag Grindavíkur
Meistaraflokkur kvenna:	Íþrótt og ungmannafélagið Keflavík
Unglingaflokkur karla:	Íþrótt og ungmannafélagið Keflavík
Unglingaflokkur kvenna:	Íþróttafélag Reykjavíkur
Drengjaflokkur:	Íþrótt og ungmannafélagið Keflavík
Stúlknaflokkur:	30. apríl
11. flokkur:	30. apríl
10. flokkur:	30. apríl
9. flokkur:	Knattspyrnufélag Reykjavíkur

Úrslit í einstökum leikjum urðu sem hér segir:

MEISTARAFLOKKUR KARLA

Forkeppni að 32-liða úrslitum:

ÍR B - Grindavík B	20-0	KR B - Keflavík B	69-81
--------------------	------	-------------------	-------

32-liða úrslit:

Stafholst. - Grindavík	64-118	Breiðablik - Valur	72-105
ÍS - Haukar	65-86	Þór Ak. - Keflavík	72-127
KFÍ - Tindastóll	89-67	Snæfell - KR	76-91
Fjölnir - Skallagrímur	59-91	Stjarnan - Hamar	51-50
Selfoss - HK	92-86	ÍV - ÍR	66-119
Reynir H.- ÞÓR Þorl.	63-110	Fylkir - ÍA	61-116
Reynir S. - ÍR B	78-77	UMFN - Keflavík B	108-76
Smári - Skotf Ak	88-72	Hrönn - Höttur	48-76

16-liða úrslit:

KFÍ - Keflavík	93-90	Valur - Höttur	113-62
ÍR - Skallagrímur	66-62	Stjarnan - Smári	101-55
Grindavík - Selfoss	126-72	KR - UMFN	65-85
Haukar - ÞÓR Þorl.	110-72	ÍA - Reynir S.	135-52

8-liða úrslit:

KFÍ - ÍR	87-67	Grindavík - Haukar	87-68
Valur - Stjarnan	79-75	UMFN - ÍA	92-71

4-liða úrslit:

Valur - Grindavík	84-101	KFÍ - UMFN	99-70
-------------------	--------	------------	-------

Úrslit:

<u>KFÍ - Grindavík</u>	<u>71-95</u>
------------------------	--------------

MEISTARAFLOKKUR KVENNA

(Bikarkeppni KKÍ & RENAULT)

8-liða úrslit Keflavík - KFÍ KR - Grindavík	116-28 43-60	ÍR - ÍS Skallagrimur sat hjá.	34-57
---	-----------------	----------------------------------	-------

4-liða úrslit Grindavík - Keflavík	50-75	ÍS - Skallagrimur	88-33
---------------------------------------	-------	-------------------	-------

Úrslit:
ÍS - Keflavík 70-54

UNGLINGAFLOKKUR KARLA

Undankeppni: Laugdælir - Keflavík	63-76	Valur - Tindastóll	77-72
8-liða úrslit Breiðablik - Valur Haukar - Grindavík	79-106 106-73	KR - Keflavík ÍR - UMFN	75-94 74-88
4-liða úrslit Haukar - Valur	81-65	Keflavík - UMFN	113-61

Úrslit:
Haukar - Keflavík 62-75

UNGLINGAFLOKKUR KVENNA

Undankeppni:

8-liða úrslit: Snæfell - Tindastóll Grindavík - UMFN	45-58 43-38	Keflavík - KR ÍR sat hjá.	54-38
--	----------------	------------------------------	-------

Undanúrslit: ÍR - Keflavík	62-29	Tindastóll - Grindavík	55-49
-------------------------------	-------	------------------------	-------

Úrslit:
ÍR - Tindastóll 52-43

DRENGJAFLOKKUR

16-liða úrslit: Keflavík - ÍR Haukar - Fjölnir	95-67 71-65	Breiðablik - Tindastóll	81-105
8-liða úrslit: Haukar - Keflavík B Keflavík - Tindastóll	96-69 90-84 (78-78)	Stjarnan - Þór Ak. KFÍ - KR	69-76 53-84
4-liða úrslit: Þór Ak. - KR	75-60	Haukar - Keflavík	51-82
Úrslit: <u>Þór Ak. - Keflavík</u>	<u>75-78</u>		

STÚLKNAFLOKKUR

Forkeppni að 8-liða úrslitum:
Skallagrimur - Tindastóll 31-46

8-liða úrslit:			
ÍR - Tindastóll	34-44	Keflavík B - USAH	28-48
Keflavík - Breiðablik	42-29	KR - UMFN	22-46

4-liða úrslit:			
USAH - Keflavík	39-61	Tindastóll - UMFN	60-41

Úrslit:			
<u>Keflavík - Tindastóll 32-30</u>			

11. FLOKKUR

Forkepni að 8-liða úrslitum:

ÍR - Snæfell	68-49	Skallagrímur - Valur	50-47
Haukar - Breiðablik	54-51		

8-liða úrslit:			
Stjarnan - Skallagrímur	79-62	ÍR - Tindastóll	64-60
Keflavík - Haukar	112-50	UMFN - KR	88-76

4-liða úrslit:			
ÍR - UMFN	74-98	Keflavík - Stjarnan	85-56

Úrslit:			
<u>Keflavík - UMFN 84-73</u>			

10. FLOKKUR

16-liða úrslit:

KR - Tindastóll	70-52	Valur - Snæfell	37-56
ÍR - Stjarnan	85-32	Grindavík - Breiðablik	78-34
Skallagrímur - UNP	62-52	USAH - Keflavík	32-46
UMFN - ÞÓR Þorl.	63-49	Fjölnir sat hjá.	

8-liða úrslit:			
ÍR - KR	57-72	Fjölnir - UMFN	30-77
Snæfell - Grindavík	67-39	Keflavík - Skallagrímur	70-60

4-liða úrslit:			
Keflavík - KR	39-86	UMFN - Snæfell	52-50

Úrslit:			
<u>KR - UMFN 67-58</u>			

9. FLOKKUR

Forkepni að 8-liða úrslitum:

Tindastóll - Skallagrímur	57-27	Valur - UMFN	50-41
Haukar B - Fjölnir	0-20	Stjarnan - Grindavík	0-20

8-liða úrslit:			
KR - Keflavík	46-32	ÍR - Valur	32-30
Haukar - Tindastóll	54-44	Grindavík - Fjölnir	68-51

4-liða úrslit:			
ÍR - Haukar	40-45	Grindavík - KR	65-75

Úrslit:			
<u>KR - Haukar 54-52</u>			

EGGJABIKAR

16-liða úrslit:

Stjarnan - Keflavík	87-104	Leiknir R. - Grindavík	34-109
Keflavík - Stjarnan	122-66	Grindavík - Leiknir R.	120-37

Breiðablik - UMFN

UMFN - Breiðablik

Þór Ak. - ÍA

ÍA - Þór Ak.

Tindastóll - Skallagrímur

Skallagrímur - Tindastóll

8-liða úrslit:

KFÍ - Keflavík	81-84	Tindastóll - Grindavík	88-68
Keflavík - KFÍ	84-72	Grindavík - Tindastóll	(97-77) 106-100

Haukar - UMFN

UMFN - Haukar

4-liða úrslit:

Keflavík - KR

UMFN - Tindastóll (78-78) 90-102

Úrslit:

Keflavík - Tindastóll 111-73

MEISTARAKEPPNI

Karlar:

Keflavík - KR 97-77

Konur:

Keflavík - UMFG 58-59

STJÖRNULEIKUR KKÍ

SPRITE-LIÐ - ESSÓ-LIÐ 124-108

SPARISJÓÐAMÓT FRAMHALDSSKÓLANNA

Karlar:

Alls tóku 17 skólar þátt í mótinu og var þeim skipt í sjö landshlutariðla.

8-liða úrslit:

ML - VÍ	72-74	FVA - ME	20-0
FNV - MK	84-76	Flensburg sat hjá.	

4-liða úrslit:

FNV - VÍ	107-58	FVA - Flensburg	78-87
----------	--------	-----------------	-------

Úrslit:

FNV - Flensburg 86-83

Konur:

Alls tóku 11 skólar þátt í kvennamótinu og var þeim skipt í fimm riðla:

8-liða úrslit:

Laugar - FVA	34-47	ML - ME	44-27
--------------	-------	---------	-------

4-liða úrslit:

ML - Kvennaskólinn	57-36	FVA - MR	29-78
--------------------	-------	----------	-------

Úrslit:

MR - ML 80-20

Fyrir hönd mótanefndar KKÍ
Björn Leósson

SKÝRSLA DÓMARANEFNDAR KKÍ

Á síðasta árþingi KKÍ var samþykkt að breyta reglum um skipan í Dómaranefnd KKÍ. Áður skipuðu dómarar two fulltrúa og KKÍ einn, en á síðasta árþingi var þessu snúið við. KKÍ skipaði þá Kristin Albertsson sem formann og Helga Bragason. Dómarar skipuðu Einar Einarsson.

SAMSTARFSAÐILAR DÓMARANEFNDAR:

Dómaranefnd gerði samstarfs- og auglýsingasamning við eftirtalda aðila: **Tóbaksvarnanefnd, Ísland** án eiturlyfja árið 2002, **Flugfélag Íslands, Lengjan og Adidas**. Allir þessir samningar voru gerðir til tveggja ára. Samningar þessir gerðu dómurum m.a. kleyft að endurnýja búninga sína o.fl.

NÝR ÍSLENSKUR FIBA DÓMARI:

Íslendingar eignuðust nýjan FIBA dómara á síðasta ári, en Kristinn Óskarsson sótti alþjóðlegt dómaranámskeið í Austurríki s.l. haust. Íslendingar eiga nú 4 virka FIBA dómara.

MATSKERFI DÓMARA:

Árþing KKÍ 1997 samþykkti að komið yrði á matskerfi fyrir dómara. Það varð því eitt af fyrstu verkum nefndarinnar að undirbúa það verkefni og koma því af stað í upphafi keppnistímabils.

Dómaranefnd leitaði víða fanga í hugmyndavinnu kerfisins. Stuðst var m.a. við kerfi frá Þýskalandi, Englandi, Austurríki o.fl., en flest lönd gera þetta með svipuðu sniði en mismunandi útfærslum. Byggt á þessum upplýsingum og að teknu tilliti til okkar aðstæðna voru útbúin drög að matsblaði fyrir matsmenn og þjálfara, en ákveðið var að einkunn þjálfara myndi gilda 40% (20% hvor þjálfari) á móti 60% hjá matsmanni.

Sett var upp þriggja ára áætlun. Fyrsta árið yrði hver dómari minnst metinn í 7 leikjum, ætlunin var að þróa kerfið fyrsta árið fá reynslu á matsblöðin, búa til reynslu og samræmingu hjá matsmönnum ásamt að kalla eftir gagnrýni á kerfið. Fljótlega var ljóst að fyrsta árið færi í þessa "tilraunastarfsemi" á meðan verið væri að þróa kerfið og slípa agnúa af því. Um áramót voru gerðar talsverðar breytingar á kerfinu. Flestar þessar breytingar voru gerðar eftir ábendingum frá matsmönnum sjálfum, þjálfurum og dómurum. Um áramót var sömuleiðis tekin inn sú aðferð að dómarar matu sjálfir eigin framistöðu. Tilgangurinn var m.a. að sjá hvort mat dómarans annars vegar og matsmannsins og þjálfara hins vegar væri mjög ólik. Frammistöðumat dómarans gildir að sjálfsögðu ekkert í heildareinkunn.

Á næsta ári er hugmyndin að fyllga metnum leikjum um helming þ.e. úr 7 leikjum í 14 leiki hið minnsta. Allir matsmenn munu í haust undirgangast próf úr leikreglum og dómarafraeðum. Jafnframt er ætlunin að matsmenn og dómarar skiptist á skoðunum eftir hvern leik sem metinn er til þess matsmenn geti komið gagnrýni sinni strax til skila og eins fengið svör og viðbrögð dómara til hliðsjónar við lokamatið á leiknum.

Á þriðja árinu er stefnt að því að svo til allir leikir í Úrvvalsdeild (og fleiri deildum) verði metnir. Þá hefur kerfið vonandi náð að festa sig í sessi, áunnið sér nauðsynlegt traust og eins hafa matsmenn aflað sér nauðsynlegrar þekkingar og samræmingar sín á milli.

Samhliða vinnu við uppbyggingu kerfisins var leitað eftir því að finna aðila sem vildu taka þetta verkefni að sér. Dómaranefndin var sammála um að reyna að setja saman ólíkan hóp matsmanna þ.e. ekki eingöngu dómarar heldur t.d. líka þjálfara, leikmenn svo og almennan áhugamann um körfuknattileik, segja má að það hafi tekist. Nefndin leitaði til **Björns M. Björgvinssonar**, fyrrverandi formanns KKÍ, um að taka að sér að leiða þennan hóp og halda utan kerfið. Er skemmt frá því að segja að Björn tók verkefnið að sér. Sömu sögu má segja af þeim aðilum sem leitað var til. Allir voru mjög fúsir að leggja þessu verkefni lið. Frá og með þeim tíma þegar keppnistímabilið hófst lauk afskiptum Dómaranefndar af matskerfinu fyrir utan að koma að breytingum á matsblöðum eins og að framan greinir.

Að kerfinu steðjar hins vegar hætta. Eins og að framan greindi samþykkti síðasta árþing KKÍ að koma kerfinu á, en ekkert var ákveðið með kostnaðarhliðina. Stjórn KKÍ hlóp undir bagga fyrsta árið en framtíðin er óljós. Það er ljóst að svona kerfi kostar einhverja fjármuni og í dag er því ósvarað hver á að bera kostnaðinn. Árþing KKÍ 1998 verður að taka afstöðu til þessara mála fyrir næsta keppnistímabil og fyrir framtíðina.

HAUSTFUNDUR DÓMARA:

Árlegur haustfundur dómara var haldin í London þetta árið. Fundurinn var haldinn 25. til 28. september 1997. Haustfundur þessi þótti takast með afbrigðum vel. Fjölmörg félög styrktu dómara sína til fararinnar og er það vel. Að venju voru tekin þrekþróf og skrifleg þróf. Auk þess voru m.a. fyrirlestrar frá Laszlo Nemeth, fyrrum landliðspjálfara Íslands og Alan Richardson, en hann er nú aðalfyrirlesari hjá FIBA. Fyrirlestur Richardson þótti hreint út sagt frábær og lærdómsríkur, óhætt er að segja að hugmyndafræði hans hafi gefið öllum dómurum nýjan og ferskan innblástur.

FUNDUR MEÐ ÞJÁLFURUM:

Dómaranefnd boðaði til fundar með öllum þjálfurum innan KKÍ. Sent var bréf til allra úrvalsdeildarþjálfara, 1. deildar kvenna og karla auk landliðspjálfara o.fl. Fundarefnið var að ræða þá miklu áherslubreytingar sem orðið hafa á dómgæslu á síðustu árum en dómurum hefur fundist að margir þjálfarar væru ekki nógum meðvitaðir um þessar breytingar. Eins var hugmyndin að þjálfarar gætu komið sínum sjónarmiðum á framfæri við dómara. Áhugi þjálfara reyndist ekki vera meiri en svo að 3-4 boðuðu þátttöku og því varð niðurstæðan að fundurinn var felldur niður. Þessi niðurstæða hlýtur að vera áhyggjuefni.

PREKPRÓF DÓMARA:

Í veturnar voru kröfur í þrekþrófi hertar. Áður voru gerðar meiri kröfur til alþjóðlegra dómarar en annarra. Í veturnar voru dómarar sammála um að breyta þessu þannig að nú gilda sömu reglur fyrir alla dómarar. Auk þess var þrekþrófum fjölgæð um eitt, nú þreyta dómarar þrjú þróf þ.e. í upphafi keppistímabils, í byrjun janúar og skömmu áður en úrslitakeppnir hefjast. Í báðum þessum tilvikum eru körfuknattleiksdómarar í fararbroddi varðandi kollega sína í knattspyrnu og handknattleik eins og svo oft áður.

PRIGGJA MANNA DÓMARAKERFI:

Í tengslum við Eggjabikarinn tóku dómarar upp þá nýjung að þrír dómarar dæmu leikina í stað hefðbundinna tveggja. Þessi tilraun þótti takast vel, fyrirfram var vitað hvaða vandkvæðum mætti búast við í ljósi reynslu annarra landa þ.e. að tíma tekur að ná tökum á sjálfa kerfinu og líka að þrír dómarar dæma meira en tveir. Lausleg athugun hér sýndi að dæmt var ca. 17% fleiri villur þegar þrír dómarar dæmu. Reynslan sýnir líka að fjórtílega breytist þetta í þá átt að þrír dómarar dæma færri villur en tveir, m.ö.o. heildarstjórn dómarar á leiknum batnar og þar með geta dómarar dæmt færri en jafnframt „öruggari“ villur. Dómaranefnd taldi nauðsynlegt að innleiða þriggja manna dómarakerfi hér á landi, bæði vegna þess að þetta er það sem koma skal eins líka að þetta gefur ákveðna möguleika á því að leyfa óreyndari dómurum að spreyyta sig í skjóli reyndari dómarar. Mörg lönd í kringum okkur hafa haft þetta fyrirkomulag að einskorða þriggja dómara kerfi við eina afmarkaða keppni eins og t.d. Eggjabikarinn. Er það von Dómaranefndar að þetta kerfi verði áfram á næsta ári.

EJÖLLIBAMÓT YNGRI FLOKKA:

Dómaranefnd tók upp á þeirri nýbreytni í veturnar að raða dómurum á fjölliðamót yngri flokka. Tilgangurinn var m.a. sá að rækta tengslin við félögum og líka að leiðbeina upprennandi dómurum og hvetja þá til að sækja námskeið. Fyrirkomlagið var að Dómaranefnd raðaði einum dómara á hvern leik og eftirlét umsjónaraðila fjölliðamótsins um hinn dómaranum. Dómarar dæmu þessa leiki án endurgjalds. Það er skoðun Dómaranefndar að svona starfsemi megi hugsanlega auka en í það minnsta gera betur. Það þarf að koma til aukið samstarf dómara og félaga. Reynslan af þessari tilraun er góð en hefði getað verið miklu betri ef hugað yrði betur að þessum málum.

KÖRFUKNATTLEIKSDÓMARAFÉLAG ÍSLANDS - KKDÍ:

Dómarar endurvöktu þetta merka félag fyrir skömmu, en félag þetta var áður starfandi en starfsemi lagðist niður og fluttist inn í Dómaranefndina. Dómarar sjá fyrir sér að fagleg starfsemi á borð við niðurraðanir á leiki, matskerfi og öll yfirsíðum dómaramála verði í höndum Dómaranefndar en önnur starfsemi geti flust yfir til KKDÍ. Hugmyndin er að bæði KKDÍ og Dómaranefnd KKÍ geti unnið saman að eflingu dómgæslu í landinu.

HEIMASÍÐA DÓMARA:

Í undirbúnungi er uppsætning og hönnun á heimasiðu körfuknattleiksdomara á Inernetinu, sem stefnt er að því að verði tilbúin n.k. haust. Inn á þessari síðu verður m.a. upplýsingar um alla dómara, leikreglur á íslensku og ensku, ýmsar áherslu- og reglubreytingar, hugsanlega niðurröðun leikja o.fl. o.fl.

ALÞJÓÐLEGIR LEIKIR:

Helgi Bragason dæmdi two leiki, í Evrópukeppni bikarhafa og félagsliða, í Svíþjóð í október.

Kristinn Albertsson dæmdi í undankeppni í Evrópukeppni kvennalandsliða í Finnlandi í maí 1997. Tvo leik í Evrópukeppni bikarhafa og félagsliða í Belgíu í október. Auk þess tvo leiki í sömu keppnum í Svíþjóð í nóvember. Að lokum landsleik Englands og Spánar, í Evrópukeppni landsliða, í Englandi í nóvember.

Leifur Garðarsson, dæmdi einn leik í Evrópukeppni bikarhafa, í Englandi í nóvember. Auk þess á alþjóðlegu móti í Luxemborg milli jóla og nýárs, þátttökujóðir voru Luxemborg, Pólland, Austurríki og Ísland.

Sigmundur Már Herbertsson dæmdi í æfingaferð unglingslandsliðsins í Englandi í janúar 1998.

Björgvin Rúnarsson, Leifur Garðarsson, Rúnar Gíslason og Sigmundur Már Herbertsson dæmdu allir á Scania Cup í Apríl 1998.

Helgi Bragason, Kristinn Albertsson og Leifur Garðarsson dæmdu á Smáþjóðaleikunum á Íslandi í maí 1997.

Á nýliðnu keppnistímabili kristallaðist sú ánægjulega staðreynd að íslenskur körfuknattleikur býr nú orðið svo vel að til eru fleiri góðir og hæfir dómarar en þörf er á í efstu deild. Lengi vel mátti þakka fyrir þá sem gáfu sig í þessi störf, en með markvissu uppbyggingarstarfi og faglegum vinnubrögðum á undanförnum árum hefur tekist að búa til og viðhalda hópi af góðum dómurum. Vandamálið fram til þessa hefur verið að halda í dómarar eftir að þeir hafa náð valdi á dómgæslumni. Þessi staða hefur verið að snúast við á síðustu árum. Á næstu árum er mikilvægt að halda enn betur á hlutum í uppbyggingarstarfi dómarar því skjótt skipast veður í lofti. Lykilatriði verður að skapa og viðhalda heilbrigðri samkeppni innan dómarahópsins þannig fáum við enn betri dómarara. Huga þarf m.a. að aldurssamsetningu dómarahópsins, stefnu í fjölda dómarara sem eiga að dæma í Úrvallsdeild og síðast en ekki síst verður að koma til matskerfi sem körfuknattleikshreyfingin treystir og trúir á.

Dómaranefnd trúir því að framtíðin sé björt í dómaramálum í dag. Halda verður áfram að byggja jákvætt upp og fjölga dómurum og það gerist ekki nema allir séu tilbúnir til þess, þetta er og verður ekki einkamál dómarara. Hvorugir aðilar geta án hins verið.

Kópavogur í maí 1998

Kristinn Albertsson
Dómaranefnd KKÍ

SKÝRSLA AGANEFNDAR

Alls bárust 39 mál til meðferðar aganefndar KKÍ keppnistímabilið 1997-1998. Af þessum 39 málum voru 38 frá dómurum og 1 frá stjórn KKÍ. Kærur þessar voru flestar á hendur leikmönnum eða 36 talsins, en 3 kærur voru á hendur þjálfurum.

Alls voru 9 kærur vegna leikja í DHL-deild, 3 vegna 1. deildar karla, 10 vegna 2. deildar karla, 8 vegna unglingsflokks karla, 1 vegna drengjaflokks, 1 vegna 11. flokks, 4 vegna 10. flokks, 2 vegna 9. flokks og 1 vegna 8. flokks karla. Engin kona var kærð til aganefndar í ár frekar en mörg undanfarin ár.

Af þeim 39 málum sem bárust aganefnd voru aðilar úrskurðaðir í leikbann í 33 tilvikum. Áminning var niðurstaðan í 1 máli og í 1 máli þótti ekki ástæða til að beita refsingu. Þá var 4 málum vísað frá.

Í þeim 32 málum sem refsað var með leikbönnum var 1 leiks bann niðurstaðan í 22 málum, 2. leikja bann í 8 málum, 3 málum lauk með þyngri refsingu, 3 leikja, 6 leikja og 12 leikja banni.

F.h. aganefndar KKÍ
Jón Eysteinsson

SKÝRSLA KVENNALANDSLIÐSNEFDAR

Á síðasta starfsári, um haustið, hætti Kolbrún Jónsdóttir störfum í kvennalandslíðsnefnd eftir langt og gott starf og vil ég þakka henni gott samstarf.

Þá sagði Elínborg Guðnadóttir sig úr kvennalandslíðsnefnd eftir sjö ára setu þar vegna óánægju gagnvart stjórn sambandsins.

Þá komu til starfa Magnús Svavarsson og Björg Hafsteinsdóttir og sitja þau núna í nefndinni.

Tvö verkefni voru á árinu 1997 og voru þau sem hér segir:

Dagana 14.-16. maí 1997 fór landsliðið í aefingaferð til Írlands og spilaði 3 leiki við landslið Íra. Til þeirrar farar voru valdar eftirtaldar stúlkur:

Anna María Sveinsdóttir	Keflavík
Erla Þorsteinsdóttir	Keflavík
Erla Reynisdóttir	Keflavík
Birna Valgarðsdóttir	Keflavík
Anna Dís Sveinbjörnsdóttir	UMFG
Alda Leif Jónsdóttir	ÍS
Hanna Kjartansdóttir	KR
Guðbjörg Norðfjörð	KR
Linda Stefánsdóttir	KR
Helga Þorvaldsdóttir	KR

Fararstjóri í ferðinni var Erla Sveinsdóttir og dómarí með í fór var Helgi Bragason.

Stóðu stúlkurnar sig með ágætum og fóru leikirnir sem hér segir:

Ísland - Írland	69-78
Ísland - Írland	72-61
Ísland - Írland	74-79

KKÍ veitti stúlkunum að miklum meirihluta styrk til þessarar farar.

Síðara verkefnið var þátttaka í Smáþjóðaleikunum hér heima í Smáranum í Kópavogi, dagana 4.-6. júní. Eftirtaldar stúlkur voru valdar:

Anna María Sveinsdóttir	Keflavík
Björg Hafsteinsdóttir	Keflavík
Erla Þorsteinsdóttir	Keflavík
Erla Reynisdóttir	Keflavík
Birna Valgarðsdóttir	Keflavík
Anna Dís Sveinbjörnsdóttir	UMFG
Hanna Kjartansdóttir	KR
Guðbjörg Norðfjörð	KR
Linda Stefánsdóttir	KR
Helga Þorvaldsdóttir	KR

Úrslit leikjanna urðu sem hér segir:

Ísland - Malta	73-42
Ísland - Kýpur	70-52
Ísalnd - Lúxemburg	56-51

Það má með sanni segja að árangur kvennalandslíðsins í þessum mónum segi okkur að við séum á góðri leið með að skapa gott landslið.

Eftir Smáþjóðaleikana rann út samningur við landsliðspjálfarann, Sigurð Ingimundarson, sem hefur náð ótrúlega góðum árangri á þessum tveimur árum sem hann hefur verið þjálfari. Vonandi fáum við hann til starfa áfram.

Eftir þennan glæsilega árangur stíulknanna þá hélt ég að KKÍ myndi fara að sýna kvennalandslíðinu meiri áhuga en annað hefur komið á daginn.

Þegar þetta er skrifað er ekki búið að ráða þjálfara fyrir liðið, en það er á förum á Promotion Cup, sem fer fram í Austurríki í júní nk.

Að lokum við ég þakka öllu þessu ágæta fólk sem unnið hefur með mér í nefndinni, fyrir gott samstarf og lýsi því jafnframt yfir að ég hef sagt mig úr nefndinni.

F.h. kvennalandslíðsnefndar
Erla Sveinsdóttir

SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR KARLA

Landsliðsnefnd var skipuð þeim Gísla Friðjónssyni, Hirti Hanssni og Haraldi Ólasyni. Jón Kr. Gíslason var þjálfari liðsins og honum til aðstoðar var Jón Guðmundsson. Sjúkranuddari liðsins var, eins og undanfarin ár, Ísak Leifsson.

Leiknir voru 15 landsleikir á tímabilinu. Ólympíuleikar smáþjóða fóru fram á Íslandi dagana 4. - 7. júní 1997. Síðasti leikur Íslands í riðlinum gegn Kýpurbúum brást í síðari hálfleik og varð 3ja sætið í keppninni hlutskipti Íslands.

Ísland vann sér rétt til að leika í „Semi-Final Round“ eða í undanúrslitariðlum EM 1999. Þar leika 6 þjóðir í hverjum riðli heima og heiman yfir tveggja ára tímabil. Fyrstu leikirnir voru leiknir í október og nóvember 1997 og síðan í febrúar 1998.

Íslenska liðið lék tvo æfingaleiki við Noreg í maí.

18. maí 1997	Ísland – Noregur	75-71
19. maí 1997	Ísland – Noregur	92-82

Úrslit leikja á Ólympíuleikum smáþjóða:

4. júní 1997	Ísland – Andorra	117-77
5. júní 1997	Ísland – Luxemborg	80-74
6. júní 1997	Ísland – Kýpur	64-79
7. júní 1997	Ísland – Luxemborg	99-73

Úrslit leikja í EM- riðlinum:

26. nov. 1997	Ísland - Holland	83-87
29. nov. 1997	Eistland - Ísland	88-79 (Tallin)
3. des. 1997	Ísland - Króatía	74-82
25. feb. 1998	Bosnía - Ísland	84-109 (Sarajevo)
28. feb. 1998	Litháen - Ísland	71-96 (Vilnius)

Tekið var þátt í fjögurra landa móti í Lúxemborg um jólin, þar lenti Ísland í öðru sæti, á eftir Pólverjum.

Úrslit leikjanna:

27. des. 1997	Austurríki - Ísland	80-88
28. des. 1997	Ísland - Pólland	66-80
29. des. 1997	Luxemborg - Ísland	53-58

Leikinn var einn æfingaleikur við Dani, í ferðinni til Bosníu og Litháens.

22. feb. 1998	Danmörk - Ísland	68-65 (Kaupmannahöfn)
---------------	------------------	-----------------------

Framundan eru æfingaleikir við Norðmenn 10. og 11. maí hér á landi og Norðurlandamót fer fram í Árósum í lok júlí.

Eftirtaldir leikmenn léku landsleiki á tímabilinu:

Falur Harðarson	15
Guðmundur Bragason	15
Helgi Jónas Guðfinnsson	15
Guðjón Skúlason	13
Hermann Hauksson	13
Teitur Örlygsson	12
Herbert Arnarson	11
Eiríkur Önundarson	9
Friðrik Stefánsson	9
Jón Arnar Ingvarsson	9
Albert Óskarsson	6
Alexander Ermolinskij	6
Baldur Ólafsson	6
Hjörtur Harðarson	6
Jónatan Bow	6
Sigfús Gizurarson	5
Pétur Ingvarsson	5
Nökkvi Már Jónsson	4
Páll Kristinsson	3

F.h. landsliðsnefndar
Jón Kr. Gíslason

SKÝRSLA UNGLINGANEFNDAR KKÍ

Unglinganefnd lagði fram meðfylgjandi áætlun haustið 1997 og hefur hún staðist að undanskildri áætlun Karls Jónssonar sem óvænt gerðist þjálfari meistaraflokkks karla hjá ÍR og þ. a. I. frestaðist hluti af hans áætlun um nokkrar vikur. Áætlun þessi ásamt áætlun um fjárbörf vegna hennar var lögð fyrir stjórn KKÍ til samþykktar sem er ekki endanlega búin að gera upp hug sinn. Ferð U82 til Alabama hefur þó verið aflýst og stendur til að fara til Evrópu í staðinn. Æfingabúðir fyrir stóra leikmenn voru haldnar í desember og verða aftur í endaðan maí. Einnig var haldinn þjálfárafundur í janúar þar sem Anthony Vallejo og Chris Armstrong viðruðu hugmyndir sínar.

Auk verkefnanna á áætluninni voru 3 verkefni sumarið 1997, U-19 High School girls World Championship í júlí, EUROJAMBOREE PASSERELLI '97, 23/6 – 7/7 1997 og Polar Camp 27/7 – 31/7 1997.

U-19 HIGH SCHOOL GIRLS WORLD CHAMPIONSHIP

Haldið í Chicago í USA og þar voru leiknir 10 leikir á 6 dögum, þar af 5 landsleikir. Það var leikið gegn Cayman Islands, Antigua og Kanada sem unnust og síðan gegn Mexico og aftur við Kanada sem töpuðust. Aðrir leikir unnust allir. Liðið lenti í 4. sæti á mótinu.

Eftirfarandi stúlkur léku leikina:

Alda Leif Jónsdóttir	ÍS
Berglind Kristjánsdóttir	UMFN
Erla Reynisdóttir	Keflavík
Erla Þorsteinsdóttir	Keflavík
Júlia Jörgensen	Keflavík
Jófríður Halldórsdóttir	ÍR
Kristjana Magnúsdóttir	ÍS
Marín Rós Karlssdóttir	Keflavík
Rannveig Randversdóttir	UMFN
Signý Hermannsdóttir	ÍS
Svava Bjarnadóttir	UBK

Þjálfari var Sigurður Hjörleifsson og fararstjóri Sæmundur Jóhannesson.

POLAR CAMP, VIERUMUAKI Í FINNLANDI 27. – 31/7 1997

Polar Camp eru æfingabúðir fyrir norræna unginga sem haldnar eru á 2 ára fresti og nú voru þær fyrir krakka fædda 1981.

12 stúlkur og 12 drengir fóru frá Íslandi:

Agnes Hauksdóttir	Breiðablik
Arna Andrésdóttir	Snæfell
Arnar Reyri Steinsson	KFÍ
Einar Þór Einarsson	Leikni
Gísli Rúnar Einarsson	Keflavík
Guðjón Hrafn Lárusson	Stjarnan
Guðmundur Ásgeirsson	UMFG
Guðrún Baldursdóttir	Snæfell
Halldóra Andrésdóttir	UMFT
Hildur Sigurðardóttir	Snæfell
Hjörleifur Sumarliðason	Stjarnan
Hrund Þórisdóttir	KR
Ingvaldur Magni Hafsteinss.	KR
Jóhannes Hlynur Hauksson	Breiðablik
Jón Gunnar Magnússon	Stjarnan
Magnús Þór Gunnarsson	Keflavík
Matthías Rúnarsson	UMFT
Ólafur Már Ægisson	KR
Rósa Ragnarsdóttir	UMFG
Sigríður Ólafsdóttir	UMFG
Sigurjón Örn Lárusson	Stjarnan
Sólveig Gunnlaugsdóttir	UMFG

Stella Kristjánsdóttir Breiðablik
 Sveinn Blöndal KR
 Þuriður Gísladóttir UMFG
 Þjálfarar Karl Jónsson og Jón Guðbrandsson, fararstjóri Halldór Þorsteinsson.

EUROJAMBOREE PASSERELLI '97

KKÍ var boðið að senda 5 drengi fædda 1983 til Barcelona á ofangreindar æfingabúðir sem haldnar voru í tengslum við Evrópukeppni landsliða og var það gert.

Eftirfarandi drengir voru sendir:

Arnar Freyr Jónsson	Keflavík
Ásgeir Ásgeirsson	UMFG
Geir Þorvaldsson	Fjölni
Gunnar Einarsson	UMFN
Helgi Már Helgason	UMFG
Þjálfari og fararstjóri, Ellert Magnússon	

FERÐ U79 LIÐ UNGLINGA TIL ENGLANDS 1. – 4. JANÚAR 1998

Aðeins einu verkefni í áætluninni er lokið og er það ferð U79 til Englands 1. – 4. janúar 1998. Þjálfari í þeiri ferð var Ívar Ásgrimsson, dómarí Sigmundur Herbertsson og fararstjóri Eyjólfur Þór Guðlaugsson. Leiknir voru 3 leikir, þar af 2 við enska landsliðið. Sá fyrri tapaðist, en sá seinni vannst.

Leikmenn og stigaskor:

Nafn:	Ware	Engl.	Engl.	Meðalt.
Finnur Jónsson	0	0	0	0
Brynjar Grétarsson	0	0	0	0
Birnir Björnsson	2	0	9	3,7
Sigurður Sigurðss.	11	0	16	9
Ingvar Guðjónsson	13	20	9	14
Daði Sigurbörsson	10	0	5	5
Svavar Birgisson	6	18	9	11
Trausti Jónsson	0	2	0	0,7
Guðlaugur Eyjólfsson	4	11	6	7
Steinar Kaldal	0	2	17	6,3
Baldur Ólafsson	15	16	-	15,5
Gunnar Stefánsson	11	3	8	7,3
Samtals:	72	72	79	74,3
Andstæðingar:	67	76	61	68,0

Ítarlegri skýrslur voru gerðar um hverja ferð sem liggja á skrifstofu KKÍ ef einhver vill kynna sér betur dagskrá ferðanna og undirbúning.

Unglinganefndin hefur einnig aðstoðað við æfingabúðir hér og þar og er þessa dagana að skipuleggja ásamt framkvæmdastjóra KKÍ og Bjarna G. Þórmundssyni, hringferð um landið með æfingabúðir og 3 á 3 keppni.

Unglinganefndarmenn gefa allir kost á sér í nefndina áfram og vil ég að lokum þakka þeim, þjálfurum, starfsmönnum og stjórn KKÍ og ekki síst krökkunum fyrir ánægjulegt samstarf með von um að það verði það áfram. Unglinganefndin veit að þið viljið veg körfuboltans sem mestan og við teljum uppbyggingu og þjálfun barna og unglings stærsta í skrefið í áttina. Stígið skrefið með okkur!

Eyjólfur Þór Guðlaugsson
unglinganefnd KKÍ

ÁÆTLUN UNGLINGANEFNDAR KKÍ

Körfuknattleikur er ein vinsælasta íþróttagrein í heiminum. Það eru um 190 lönd innan Alþjóða körfuknattleikssambandsins (FIBA) sem eru um 300 millj. leikmenn. En þrátt fyrir það er enn hægt að auka vinsældir og iðkun leiksins. Besta leiðin til þess, er að auka þátttöku barna og unglings. Það er fjöldi barna og unglings sem leikur sér dag hvern í körfubolta, en sést ekki á æfingum félögana. Við verðum að taka höndum saman og reyna að auka áhuga og metnað krakkanna.

Hlutverk unglinganefndar KKÍ hefur aldrei verið skilgreint í lögum KKÍ. Það hefur þróast í umsjón og þjálfun yngri landsliða. En stefna okkar er að stuðla að aukinni iðkun körfuknattleiks á Íslandi og gæðum hans. Það er skoðun nefndarinnar, að ef hún er dugleg við að halda úti æfingum og æfingabúðum fyrir sem flesta aldurshópa og síðan að verðlauna mesta afreksfólkio með því að leyfa þeim að leika fyrir hönd lands síns, að það muni auka metnaðinn og áhugann. Meðfylgjandi er drög að verkefnaskrá unglinganefndar og áætlun þjálfara sem mun fara fyrir stjórn KKÍ til samþykktar. Það er mikill hugur í nefndinni og margar hendur vinna létt verk þannig að öll samvinna, ábendingar og hjálp er vel þegin.

Stefnt er að þjálfarafundum regulega í vetur þar sem fengnir verða menn til að hafa framsögu og síðan skipst á skoðunum á eftir. Þá er ekki verið að tala um námskeið heldur skipst á hugmyndum um hvað betur mætti fara í þjálfun á Íslandi til að árangur náiðst.

Við viljum einnig vekja athygli á gátlista þeim sem er í nýjasta tölublaði Þjálfaraspjaldsins útbúinn af Jóni Kr. Gíslasyni landsliðspjálfara.

Með kveðju,
unglinganefnd KKÍ

UNGLINGANEFNDARMENN:

Eyjólfur Þór Guðlaugsson, Suðurvör 11, 240 Grindavík
Hs. 426-8447, vs. 421-5302. Fax: 421-5305. E-mail: evfi@ok.is
Sigurður Hjörleifsson, Tómasarhaga 49, 107 Reykjavík
Hs. 552-7053. Fax: 552-7053. E-mail: mphoops@itn.is
Halldór Þorsteinsson, Engjaseli 31, 109 Reykjavík
Hs. 557-7747, vs. 515-5066.
Sæmundur Jóhannesson, Langholti 6, 680 Þórshöfn
Hs. 468-1349, vs. 468-1160. Fax: 468-1307

Unglinganefnd KKÍ stefnir að eftirfarandi:

U82 strákar:

Norðulandamót á Íslandi, desember 1998. Evrópumót apríl 1999.
Þjálfari: Sigurður Hjörleifsson, Tómasarhaga 49, 107 Reykjavík.

U82 stúlkur:

Norðulandamót í Svíþjóð desember 1998.
Þjálfari: Karl Jónsson, Snorrabraut 71, 105 Reykjavík. Vs. 525-1647. Fax: 525-1125

U79 strákar:

Keppnisferð til Englands 1. – 4. janúar 1998.
Þjálfari: Ívar Ásgrimsson. Hs. 565-0508. Vs. 565-5522

U79 stúlkur:

“High School World Championship” í Bandaríkjunum júlí 1998.
Þjálfari: Ekki ákveðið.

Stóru krakkarnir:

Æfingabúðir 2-3 á keppnistímabilinu.
Umsjónarmaður: Jón Kr. Gíslason, S. 565-7260

U80 strákar:

Keppnisferð um áramót 1998-1999.
Þjálfari: Ekki ákveðið.

ÁÆTLUN ÞJÁLFARA UNGLINGANEFNDAR(TIL 31/12 1998):
(Drög)

Október 1997:

Leikir U82 strákar í Íslandsmóti unglingsflokks

Nóvember 1997:

Leikir U82 strákar í Íslandsmóti unglingsflokks
Æfingabúðir fyrir U79 stráka, 8. og 9. og 29. og 30.

Desember 1997:

Leikir U82 strákar í Íslandsmóti unglingsflokks
Æfingar fyrir U82 stráka í jólafrínu. Stefnt að móti milli jóla og nýárs með þátttöku drengjaflokka.
Æfingar U79 strákar
Æfingabúðir fyrir stóru krakkana.

Janúar 1998:

U82 stúlkur. Æfingabúðir 10. og 11. janúar, þar sem þjálfurum gefst kostur á því að senda allt að 5 leikmenn f. 1982 og 1983. Eftir búðirnar verða valdar 30 stúlkur til áframhaldandi þátttöku í undirbúnungi fyrir Norðurlandamót 1998.
Keppnisferð U79 stráka til Englands, 1. – 4. jan.
Æfingaleikir U82 stúlkur við unglingsflokka.
Leikir U82 strákar í Íslandsmóti unglingsflokks

Febrúar – maí 1998:

Æfingaleikir U82 stúlkur við unglingsflokka.
Leikir U82 strákar í Íslandsmóti unglingsflokks.
6 æfingar fyrir U82 stráka í páskastríð skólanna. Frí í maí.

Júní 1998 – sept. 1998:

Æfingabúðir U82 stúlkur
U82 strákar: 10 æfingar og ferð á "Team Camp" í Birmingham Southern í Alabama, USA, 13. – 22. júní. Síðan frí í júlí. 5 daga æfingabúðir í ágúst og 10 æfingar í september.
U79 stúlkur til USA í júlí, æfingar og ferð.

Október 1998:

Leikir U82 strákar í Íslandsmóti unglingsflokks og æfingar 1 sinni í viku.
Æfingaleikir við 1. deildarlið og unglingsfokkslið hjá U82 stúlkum. Hópur minnkaður í 15.
Æfingabúðir fyrir U80 stráka.

Nóvember 1998:

Leikir U82 strákar í Íslandsmóti unglingsflokks og æfingar 1 sinni í viku.
Æfingaleikir við 1. deildarlið og unglingsfokkslið hjá U82 stúlkum.
Æfingabúðir fyrir U80 stráka.

Desember 1998:

Leikir U82 strákar í Íslandsmóti unglingsflokks og síðan æft fram að móti.
Norðurlandamót U82 strákar á Íslandi, 26. – 30. desember.
12 manna hópur U82 stúlkur valinn og æft þar til farið er á Norðurlandamót í Svíþjóð 26. – 30. desember 1998.
Æfingar og keppnisferð U80 strákar.

Áfram Ísland!!

KÖRFUKNATTEIKSSAMBAND ÍSLANDS

REKSTRARREIKNINGUR 1997

TEKJUR:

	Skýr.	1997	1996
Framlög og styrkir	1	8.622.813	9.906.252
Tekjur af leikjum	2	6.795.742	5.798.147
Auglýsingatekjur	3	7.091.796	6.748.668
Landslið	4	5.217.082	8.245.332
Fræðslu- og útbreiðslustarfsemi		1.172.950	902.096
Aðrar tekjur	5	3.266.780	5.650.334
Vaxtatekjur.....		827.502	126.814
		32.994.665	37.377.643

GJÖLD:

Yfirstjórn	6	9.052.752	9.163.150
Þjálfun og kennsla	7	2.199.504	2.249.556
Íþróttaleg viðskipti	8	13.437.150	15.572.830
Kynning, fræðsla og útbreiðslustarfsemi		1.262.972	1.195.954
Rekstur mannvirkja		529.764	248.896
Önnur gjöld	9	3.964.370	6.546.764
Afskriftir.....		266.448	0
Vaxtagjöld.....		1.667.545	1.890.171
		32.380.505	36.867.321
Tekjur umfram gjöld		614.160	510.322

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1997

	Skýr.	1997	1996
EIGNIR:			
Bankainnistæður.....		275.320	9.060
Óinnheimtar tekjur		2.172.833	677.991
Viðskiptakröfur	11	10.688.586	13.639.808
Aðrar skammtímakröfur		51.737	1.031.630
Birgðir bóka		0	765.350
Hlutabréfaeign		1.000.000	1.000.000
Skrifstofuáhöld og tæki.....		489.333	972.855
		<u>14.677.809</u>	<u>18.096.694</u>
SKULDIR:			
Lán á bankareikningi		1.384.138	3.943.603
Vixilskuldir.....		0	4.065.500
Viðskiptaskuldir	12	7.868.617	9.587.750
Ýmsar skammtímaskuldir		4.292.489	5.099.513
Skuldabréf.....		6.709.078	1.406.797
Skuldir umfram eignir 31. desember	10	(5.576.513)	(6.006.469)
		<u>14.677.809</u>	<u>18.096.694</u>

Við undirrituð höfum yfirfarið framanskráðan ársreikning Körfuknattleikssambands Íslands, sem saminn er eftir bókhaldi þess.

Álítum við að reikningurinn gefi rétta mynd af efnahag sambandsins 31. desember og veiti nægilegar upplýsingar um rekstur þess á síðasta starfsári.

Reykjavík máí 1998

KÖRFUKNATTLÉIKSSAMBAND ÍSLANDS

SKÝRINGAR MED ÁRSREIKNINGI

1. FRAMLÖG OG STYRKIR:

Lottó	5.030.702	4.938.581
Lengjan	220.683	918.497
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	1.137.484	1.189.866
Norræni menningarmálasjóðurinn	343.504	385.714
Aðrir styrkir	1.890.440	2.473.594
	8.622.813	9.906.252

2. TEKJUR AF LEIKJUM:

Þáttökugjöld á Íslandsmóti	3.511.552	3.615.638
Sala leikskrár á Íslandsmóti	0	156.650
Þáttökugjöld í bikarkeppni	947.590	1.255.000
Stjörnuleikir	833.732	650.859
Framhaldsskómamót Sparisjóðanna	460.000	120.000
Önnur mótt	1.042.868	0
	6.795.742	5.798.147

3. AUGLÝSINGATEKJUR:

Sjónvarpsréttindi	2.899.998	1.449.998
Ýmsir auglýsingasamningar	4.191.798	5.298.670
	7.091.796	6.748.668

4. LANDSLIÐ:

A - landslið	2.050.104	6.811.992
Unglingalandslíð	2.649.228	853.240
Kvennalandslið	517.750	580.100
	5.217.082	8.245.332

KÖRFUKNATTEIKSSAMBAND ÍSLANDS

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI

5. AÐRAR TEKJUR:

Innheimt v/ferðalaga dómara	1.920.000	1.920.000
Tekjur af Kolaporti	0	1.217.651
Sektargreiðslur	445.380	259.880
Félagaskiptí	810.900	881.000
Tekjur af lokahófi	0	377.400
Framlög vegna kaupa á hjólastól	0	436.321
Annað	90.500	558.082
	3.266.780	5.650.334

6. YFIRSTJÓRN:

Laun starfsmanna og launatengd gjöld	5.407.304	4.569.776
Sími og burðargjöld	626.384	785.177
Pappír, prentun og ritföng	320.024	440.958
Bókhaldskostnaður	594.150	982.803
Aðkeypt vinna	29.565	132.500
Akstur	26.644	69.830
Viðhald áhalda	121.652	162.947
Ferðakostnaður og dagpeningar	504.603	756.292
Þinghald, fundir og ráðstefnur	733.096	1.005.974
Kostnaður vegna FIBA	180.120	0
Miðlun	41.507	43.607
Gjafir og viðurkenningar	243.832	170.107
Annar kostnaður	223.871	43.179
	9.052.752	9.163.150

7. ÞJÁLFUN OG KENNSLA:

A-landslið	1.815.711	1.575.386
Unglinga- og drengjalandslíð	239.793	414.100
Kvennalandslið	144.000	260.070
	2.199.504	2.249.556

KÖRFUKNATTALEIKSSAMBAND ÍSLANDS

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI

8. ÍPRÓTTALEG VIÐSKIPTI:

Íslandsmót og bikarkeppni	2.508.162	1.895.955
A-landslið	4.866.744	2.614.297
Heimsóknir erlendra liða	354.488	7.698.362
Unglingalandslíð stúlkna og drengja	4.489.727	1.309.619
Kvennalandslið	687.807	1.620.842
Önnur mótt og leikir	530.222	433.755
	<hr/> 13.437.150	<hr/> 15.572.830

9. ÖNNUR GJÖLD:

Ferðakostnaður dómara	1.920.000	1.920.000
Annar kostnaður	2.044.370	4.626.764
	<hr/> 3.964.370	<hr/> 6.546.764

10. EIGIÐ FÉ:

Skuldir umfram eignir 1/1	(6.006.469)	(6.516.791)
Leiðrétt staða	(184.204)	0
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi	614.160	510.322
	<hr/> (5.576.513)	<hr/> (6.006.469)

KÖRFUKNATTEIKSSAMBAND ÍSLANDS

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI

11. VIÐSKIPTAKRÖFUR:

Félögin	8.952.406	8.005.997
ÍBR	0	180.523
Óinnheimtar auglýsingatekjur	1.144.583	3.716.926
Ýmsir skuldunautar	591.597	1.736.362
	<hr/> 10.688.586	<hr/> 13.639.808

12. VIÐSKIPTASKULDIR:

FIBA.....	1.323.114	1.403.874
Ferðasjóður dómara.....	2.852.529	2.000.340
Flugleiðir.....	1.698.741	2.133.898
ÍSÍ	0	240.938
Austurbakki	415.940	584.638
Íslandsflug	0	70.701
G. Ben. Edda	0	1.518.420
Hópbilar	0	167.000
Dómaranefnd	157.064	42.132
Ýmsir ógreiddir reikningar	1.421.229	1.425.809
	<hr/> 7.868.617	<hr/> 9.587.750